

Jafnlaunastefna Sveitarfélagsins Voga

Sveitarfélagið Vogar leggur áherslu á að tryggja öllu starfsfólki jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf og að einstaklingar hafi jöfn tækifæri í starfi óháð kyni, uppruna eða öðrum ómálefnalegum þáttum.

Jafnlaunakerfið nær til alls starfsfólks sveitarfélagsins og er jafnlaunastefna þessi órjúfanlegur hluti af launastefnu Sveitarfélagsins Voga. Bæjarstjórn ber ábyrgð á jafnlaunakerfinu, innleiðingu, skjalfestingu og viðhaldi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðals ÍST 85:2012. Sveitarfélagið skuldbindur sig til að viðhalda stöðugum umbótum og gera áætlun um reglulegt eftirlit með virkni jafnlaunakerfisins m.a. með reglulegum innri úttektum og rýni stjórnenda. Brugðist skal við óútskýrðum kynbundnum launamuni með stöðugu eftirliti, mælingum og umbótum og skulu helstu niðurstöður kynntar starfsfólki árlega.

Tryggt skal að jafnlaunakerfið sé í samræmi við lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og uppfylli einnig aðrar tilheyrandi lagalegar kröfur, reglugerðir og samninga. Jafnlaunastefnan skal kynnt starfsfólki og gerð aðgengileg almenningi á heimasíðu sveitarfélagsins.

Stefna tekin fyrir og samþykkt á bæjarstjórnarfundum, 26.02.2020